



Myndir: Instagram/@bk_gudmundsson

Engin útilega í sumar

Björgvin Karl Guðmundsson landaði öðru sæti í undanúrslitum á Lowlands Throwdown mótinu í CrossFit sem haldið var í Amsterdam í Hollandi um helgina. Annað sætið kemur honum beinustu leið inn á Heimsleikana í CrossFit sem haldnir verða í Madison, Wisconsin í Bandaríkjunum frá 4.-7. ágúst.

Lowlands Throwdown stóð frá föstudegi til sunnudags. Keppnin fór vel af stað hjá Björgvin, en hún samanstóð af 6 æfingum (e:workouts). María Rún Þorsteinsdóttir, annar eigandi CrossFit Hengils í Hveragerði fylgdist með í Amsterdam: „Hann átti þínu erfiðan keppnisdag á laugardaginn, lenti í smá

svona dómarskandal myndi ég segja, þó það séu kannski ekki allir sammála því. Hann kom svo tvíeðldur til baka á sunnudaginn og náði að tryggja sér annað sætið. Svo nú verður hann bara á fullu að undrbúa sig fyrir Heimsleikana, engin útilega í sumar,“ segir María og hlær. *HGL*

Fjölmennt og glæsileg útskrift í FSu

Segja má að veðrið, tónlistin, söngurinn, ræðurnar, gleðin og námsárangur nemenda hafi verið í hæsta gæðaflokki laugardaginn 21. maí þegar skólahaldi FSu var slitið með útskrift kláranna eins og hefð er fyrir að nefna þá sem ljúka þaðan námi. Langþráðri og lifandi útskrift var loks náð, eftir nokkrar Covid-annir, með fullum sal af fólki. Hvert sæti var skipað og hefur ekki fjölmennari útskrift verið haldin í FSu í fjölda ára.

Alls luku námi 128 nemendur af níu skilgreindum stúdentsbrautum, einn nemandi af grunnmentabru, ellefu af starfsbraut, þrettán af húsasmíðabraut, tíu af rafvirkjabraut og fimm nemendur af vélvirkjabraut. Fjöldi einstakra viðurkenninga var veittur fjölda nemenda fyrir frábæran árangur í hinum



Dúx skólans vorið 2022 Bjarni Már Stefánsson ásamt skólameistara FSu Olgu Lísu Garðarsdóttur. Mynd: FSu.is

margvíslegu námsgreinum sem of langt mál yrði að telja upp. Sýnir það hins vegar mjög vel hversu fjölbreytt nám er stundað í FSu.

Dagskráin kemur út á fimmtudögum

Frá og með 2. júní mun útgáfudagur Dagskrárinnar færaft aftur yfir á fimmtudaga. Margir Sunnlendingar eiga eflaust ekki eftir að kippa sér upp við þessar breytingar, enda var blaðið gefið út í marga áratugi á fimmtudögum áður en útgáfudagurinn var færður yfir á miðvikudaga.

Skil á auglýsingum og efni færast yfir í hádegjöld á þriðjudögum.



**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**Toyota
Selfossi**

**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



SUMARTILBOÐ

Á VÖRUNUM FRÁ STUDIO OG GOZZIP

BJÓÐUM 20% AFSLÁTT FRÁ 25. - 31. MAÍ
STÆRÐIR 38-54

TISKUVERSLUN.IS - AFSLÁTTARKÓÐI ER STUDIO20

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegí 29 · Selfossi · Sími 482 1800

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is - auglysingar@dfs.is

Notum göngu eða hjólreiðar sem ferðamáta

Ein einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi er að velja ferðamáta sem felur í sér hreyfingu, svo sem að ganga eða hjóla.



STOKKSEYRARKIRKJA

Umhirða kirkjugarðs

Sóknarnefnd Stokkseyrarkirkju óskar eftir að ráða aðila til að annast umhirðu Stokkseyrarkirkjugarðs í sumar. Reiknað er með að slá þurfi gras þrisvar yfir sumartímann. Viðkomandi þarf að hafa til ráðstöfunar þau tæki sem þarf til verksins.

Upplýsingar veitir formaður sóknarnefndar með móttöku tölvupósts samuel@husey.is eða í síma 898 9199.

Sóknarnefnd Stokkseyrarkirkju.

Sigurför Sigurhæða

Í liðinni viku var málþing um Lárangur Sigurhæða á fyrsta starfsári þeirra haldið í hátíðarsal Hótel Selfoss.

Sigurhæðir eru fyrsta samhæða þjónustan við þolendur kynbundins ofbeldis í sunnlensku nærsamfélagi. Þjónustan var sett á lagginnar á 100 ára afmæli Soroptimistaklúbbsins á Íslandi árið 2021, en Soroptimistaklúbbur Suðurlands er frumkvöðull að verkefninu. Meðlimir klúbbsins þurftu ekki að velja mörgum steinum til að komast að þeirri niðurstöðu að á Suðurlandi væri brýn þörf á þjónustu fyrir þolendur kynbundins ofbeldis, en Soroptimistar eru aldargömul alþjóðleg samtök kvenna sem vinna að jafnrétti, mannréttindum, bættri stöðu kvenna og sjálfbærri þróun í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi.

Eftir stofnun Sigurhæða hafa 226 konur nýtt sér þjónustu þeirra, en áætlun fyrir stofnun gerði ráð fyrir 96 konum, sem sýnir bersýnilega að þörfin var sannarlega til staðar á svæðinu og hafa Sigurhæðir svarað kalliinu.

Málþingsstjóri var Elín Björg Jónsdóttir, fyrrverandi formaður BSRB og núverandi formaður Jafnréttissjóðs Íslands.

Jóna Ingvarsdóttir, formaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands setti málþingið áður en Eliza Reid forsetafrú flutti ávarp þar sem hún talaði um það viðvarandi vandamál sem kynbundið ofbeldi er, mýtuna um að Ísland sé jafnréttisparadís og kom á framfæri hlýjum þökkum fyrir það óeigingjarna starf sem Sigurhæðir hafa unnið á sínu fyrsta starfsári.

Hafdis Karlsdóttir, verðandi forseti Evrópusambands Soroptimista, Hildur Jónsdóttir, verkefnastjóri Sigurhæða, Elísabet Lorange, meðferðarstýra Sigurhæða og Jóhanna Kristín Jónsdóttir, sálfræðingur áfallameðferðar Sigurhæða tóku allar til máls og sögðu frá því mikilvæga starfi sem annarsvegar Soroptimistaklúbburinn á Íslandi



Eliza Reid forsetafrú. Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún Lárusdóttir

hefur unnið og hinsvegar Sigurhæðir.

Kristín Anna Hjálmarasdóttir kynjafræðingur, sá um ytra mat fyrir Sigurhæðir og það er skemmst að segja frá því að nýting á þjónustunni hafi farið fram úr björtustu vonum allra sem komu að henni á þessu fyrsta starfsári. Frá upphafi hefur starfið verið metnaðarfullt og vel undirbúið með trausta forystu. Einn af fáum veikleikum verkefnisins sem upp var talinn í skýrslunni var hversu lítið úr-ræðið er því álagið er mikið og hefur aukist.

Samantekt á afleiðingum ofbeldis sem þjónustubegar Sigurhæða glímdu við sýndu að 85% höfðu glímt við kvíða, 65% við þunglyndi 56% við sjálfsvígshugsanir og 48% höfðu glímt við sjálfsskaðandi hegðun.

Eftir meðferð hjá Sigurhæðum vildu svo 64% þjónustubega meina að ferlið hefði styrkt tengsl þeirra við annað fólk og haft jákvæð áhrif á fjölskyldu-eða einkalíf, starf eða nám og 80% sögðust finna jákvæð áhrif á líkamlega og/eða andlega heilsu, aukið sjálfstraust og fundu að ferlið hefði verið valdeflandi fyrir þær.

Á eftir Kristínu fór Þórður Kristinsson jafnréttisfræðari í pontu og ræddi um karlmennsku á strandstað, Mjöll Jónsdóttir, sálfræðingur hjá Heimilisfriði ræddi um starf með gerendum og Þóra Björnsdóttir, verkefnis-

stjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum talaði um forvarnarstarf gegn kynferðisofbeldi gagnvart börnum.

Lokaávarp flutti svo Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumálaráðherra.

Verkefnisstjórn með samstarfsaðilum Sigurhæða var skipuð árið 2020 og eiga fulltrúar eftirfarandi samstarfsaðila sæti í henni auk Soroptimista: Lögreglunnar á Suðurlandi, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Árborgar, Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (byggðasamlag sjö sveitarfélaga), Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu (byggðasamlag fimm sveitarfélaga), sveitarfélagsins Hornafjarðar og Kvennaráðgjafarinnar. Þjónustuveitendur við skjólstæðinga Sigurhæða auk áðurtaldrar eru Mannréttindaskrifstofa Íslands og Markþjálfafélags Íslands. Virkt samstarf er einnig við Bjarkarlíð í Reykjavík, Bjarmahlíð á Akureyri, Stígamót, Kvennaathvarfið, Drekaflóð og Rótina. Þá hefur Vestmannaeyjabær styrkt verkefnið. Þetta þýðir að öll sveitarfélög á Suðurlandi standa að baki Sigurhæða.

Konur búsettar á Suðurlandi og aðstandendur þeirra geta komið, hringt og pantað viðtöl til að fá stuðning, ráðgjöf og upplýsingar hjá Sigurhæðum, án endurgjalds.

HGL



Það er eitthvað sérstakt við það að búa á Selfossi

Útibú Selfossi Austurvegi 38 | 440 2470 | sudurland@sjova.is



Aldarafmæli Flóaáveitunnar

Flóamenn héldu fjölmenna hátíð í tilefni þess að eitt hundrað ár eru liðin frá því að framkvæmdir hófust við gerð Flóaáveitunnar. Nýtt upplýsingaskilti var afhjúpað við hátíðlega athöfn við Þórsveg, ferðamannaveg sem liggur af Brúnastaðavegi inn að inntaksmannvirki Flóaáveitunnar á Brúnastaðaflosum. Guðmundur Stefánsson fór yfir sögu framkvæmdanna og Guðni Ágústsson stjórnaði hátíðinni, hann sagði að Flóaáveitan væri „móðir Mjólkurbús Flóamanna,

Kaupfélags Árnesinga og Selfoss. Þúsund ára kyrrstaða hefði verið rofin í Flóanum með framkvæmdinni og aflinu sem henni fylgdi.“ Hildur Hákonadóttir hannyrðakona afhjúpaði upplýsingaskiltið sem Björn G Björnsson hannaði, jafnframt því gaf hún veginum nafn til minningar um eiginmann sinn, Þór Vigfússon skólameistara Fjölbautaskólans, sem var einstakur áhugamaður um sögu Flóaáveitunnar og „vísaði mörgum veginn í lífinu í orðsins fyllstu merkingu“

eins og Hildur sagði í ávarpi sínu. Ragnheiður Gló Gylfadóttir fornleifafræðingur flutti ávarp. Jafnframt fóru hátíðargestir austur Þórsveg að Flóðagáttinni þar sem hraustir Flóamenn hleyptu vatni úr Hvítá á skurðakerfi Flóaáveitunnar, þáðu veitingar í boði Mjólkursamsölunnar og kleinur frá Grími í HP Kökugerð sem hann gaf til minningar um Egil Thorarensen sem mjög kom við sögu KÁ og MBF. Birgir Jónsson jarðfræðingur fór yfir jarðsögu Flóans.



Ég vil byrja á að þakka Magga Peru „Soldáninum af Breiðholti“ fyrir að skora á mig. Það er ekki hægt að hugsa sér betri vin en hann til að bjóða í mat því hann er hress, skemmtilegur og finnur ekki bragð.



Jón Sveinberg Birgisson. er Matgæðingurinn þessa viku

Hann veit líka að þessa dagana þá bý ég á hótél mömmu með alla fjölskylduna og því ekki mikið í eldhúsinu en ég á samt einn rétt sem er í miklu uppáhaldi og ekki ótrúlegt að ég hafi komið með hann hér áður en aldrei er góð vísa of oft kveðin.

Kjúklingur í satay með spínati

- 3-4 stk kjúklingabringur
- 1-2 dl kúskús
- 1 box ferskt spínat
- 3-4 stk tómatar
- ½ stk Rauðlaukur
- ½ - 1 dós Fetaostur
- ½ - 1 poki Salthnetur
- 1-2 stk Avacadó
- 1 dós Satay sósa

Aðferð:

Kjúklingurinn er steiktur á pönnu og satay-sósunni held yfir og látið malla. Kúskús-ið er soðið eftir leiðbeiningum. Tómatar, avacadó og rauð-

laukur er skorið frekar smátt og blandað ásamt salthnetunum og fetaostinum (olían með).

Takið eldfast mót og seið spínatið í botminn á því. Dreifið kúskús-inu yfir það og hellið síðan kjúklingnum (heitum) yfir. Þegar það er komið setjið þið salatblönduna yfir og þá er rétturinn tilbúinn

Meðlætið sem ég mæli með er doritos snakk og hvítlauksbrauð.



Að lokum langar mig að skora á Norðmanninn frá Hvolsvelli sem býr á Skeiðunum og er að byggja á Selfossi hann Ástmar Karl Steinarsson en ég veit að hann er mikill ástríðukokkur.


Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Prjónahornið á DFS.is

Inni á DFS.is getur þú fundið uppskriftir sem birst hafa í prjónahorni Dagskrárinnar

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

DFS.is
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson

Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Skyttur leita að því enn,
ilm í húsið góðan ber.
Þessi pína þjakar menn,
þarna falið dópið er.

Svar við gátu í blaði 2648: **BIT**

- 1. Lína: Alveg **bit**, hissa - 2. Lína: Hundsbít
- 3. Lína: **Bit** í hníf - 4. Lína: Þursabít



VÍS

Láttu áhyggjuleysið elta þig í sumar

Ný og enn betri húsvagnatrygging!

Aðalfundur Flóaáveitunnar

Aðalfundur Flóaáveitunnar verður haldinn í Þingborg, miðvikudagskvöldið 1. júní kl. 20:30. Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf. Kaffiveitingar.

Stjórnin

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

[www.dfs.is/
atvinna/](http://www.dfs.is/atvinna/)

Kino á Cafe Vatnajökli

Það er stundum talað um Viktor Tsoi og Kino einsog tónlist þeirra og ljóð hafi felld Sovétríkin. Það er býsna bratt en hrein staðreynd að hljómsveitin spilaði gríðarlega rullu í þeirri hugarfarsbreytingu sem var undanfari hrunsins. Á sama tíma er Tsoi einsog rafmagnaður Dylan, sem hljóp undan þjóðinni sem vildi gera hann að pólitískum spámanni eða praktískum Messíasi. Til að skilja orsakasamhengið er jafnvel nauðsynlegt að kynna sér andófs-intelligentsíuna í St. Pétursborg á 9da áratugnum, en það kallast einmitt á við það hversu nauðsynlegt það er, hér og hvar sem er, að listamenn og menningarvitar hafi tækifæri til að iðka nauðsynlega gjörninga, umræðu og áhugamál. Tsoi var bæði hinn leyndar-

dómsfulli Jim Morrison sem var svo tengdur við kosmísk öfl að hann þurfti að vera utangarðs, en um leið mjög virkur þátttakandi í sameiginlegu listasenum í Pétursborg milli 1982-1988 -Rock Club fjölskyldunni – þar sem öll stóru skáldin, tónsmiðir og tónlistarmenn héldu sameiginlega risatónleika og sulluðust milli hljómsveita og tóku þátt í uppsetningum hver annars. Gímaldin mun kynna ljóðin og lögin sem höfðu svona gríðarleg áhrif, syngja lögin á íslensku og myndast við að reyna að setja allt í samhengi, einsog framast er unnt. Flest eru sammála um að kominn sé tími á breytingar í Rússlandi nútímans og þessvegna ekki fráleitt að líta til þess hvernig það var gert síðast.

Dagskráin verður á Cafe Vatnajökli, laugardaginn 28. maí og hefst klukkan 18.00.



Vorbasar Stróks laugardaginn 28. maí kl. 13-16

Laugardaginn 28. maí kl. 13-16 verður vorbasar haldinn í Strók að Skólavöllum 1 á Selfossi. Til sölu verða inniblóm sem við höfum verið að rækta seinustu vikur, blómahengi, listilega skreyttir blómapottar og steinar, prjónavörur, dúkkuföt, eyrnalokkar og margt annað skemmtilegt sem okkar dásamlegu félagar hafa verið að vinna að í vetur. Basarinn er mikilvæg fjárfestun fyrir félagi Stróks og hvetjum við fólk til að koma og styðja við okkar frábæru starfsemi.

Klúbburinn Strókur er virkni- og endurhæfingarúrræði sem er opið öllum íbúum á Suðurlandi. Strókur er bæði athvarf og virknimiðstöð þar sem einstaklingar eru studdir í virkni og bata eftir að hafa lent utan vinnu- markaðar sökum geðraskana og/eða eru að glíma við félagslega einangrun. Opnunartími Stróks er mánud.-fimmtud. frá kl. 8:30-15:00. Þeim sem koma í þjónustu hjá Strók er boðið upp á einstaklingsmiðaðan stuðning

þar sem hjálp til sjálfshjálpar er veitt og unnið út frá styrkleikum hvers og eins. Dagskrá Stróks er þannig uppbyggð að boðið er upp á dagskrárliði sem styðja við iðju-, líkamlega, andlega- og félagslega færni. Unnið er með hverjum og einum að hans markmiðum og einstaklingar studdir til eflingar hvort sem er í formi fjölbreyttar vinnu í húsinu, öðrum sjálfbæðaliðastörfum, skráningu í nám eða þeir aðstoðaðir við að komast út á vinnumarkað. Jafningjastuðningur er án efa einn af stærstu styrkleikum starfseminnar og það að rjúfa félagslega einangrun. Aðal markmið Stróks er að styðja við bataferli notenda heilbrigðiskerfisins og að fólk með geðraskanir og/eða félagslega einangrun fái úrræði við sitt hæfi í heimabyggð. Einnig að auka tengsl fólks og efla einstaklinginn til sjálfshjálpar, stuðla að virkni og endurkomu út á vinnumarkað, fyrirbyggja innlagnir og brjóta niður forðoma.



Við vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta á vorbasarinn okkar þann 28. maí næstkomandi, við tökum vel á móti gestum og gangandi. Frjáls framlög frá fyrirtækjum og öðrum aðilum til styrktar starfseminni okkar eru alltaf vel þegin. Nánari upplýsingar á heimasíðu Stróks, www.strokur.is.

Fjola Einarsdóttir, forstöðumaður Stróks

Takk fyrir stuðninginn íbúar Árborgar

Kosningabaráttan hefur verið ótrúlega skemmtileg allt frá prófkjöri flokksins þar sem yfir 1400 íbúar tóku þátt til kjördags 14. maí Niðurstæða kosninganna skilaði svo D-listanum sex bæjarfulltrúum af ellefu eða meirihluta í bæjarstjórn og erum við þakklát íbúum fyrir traustið.

Viljum að auki þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað á einhvern hátt í kosningabaráttunni og ykkur íbúum fyrir að taka þátt í umræðum og viðburðum undanfarnar vikur. Ykkar stuðningur og skoðun skiptir máli og viljum við í D-listanum þakka fyrir góðar ábendingar og að íbúar hafi gefið sér tíma í spjall um málefni sveitarfélagsins okkar.

Tækifæri til framtíðar

Það eru mikil tækifæri í Sveitarfélaginu Árborg þótt verkefni nýrrar bæjarstjórnar verði líka mörg hver krefjandi. Við hlökkum til að fylgja eftir þeim verkefnum sem framundan eru

á næstu árum í góðri samvinnu bæjarfulltrúa, starfsmanna og íbúa. Því saman mótum við Árborg okkar allra.

F.h. D-listans í Árborg
Bragi Bjarnason, oddviti



Í gördum safnsins með Hafsteini Hafliðasyni

Hafsteinn Hafliðason einn fremst garðyrkjumaður landsins heimsækir Eyrarbakka sunnudaginn 29. maí og verður með erindi og leiðsögn við Byggðasafn Árnesinga.

Í borðstofu Hússins stendur nú yfir sýningin Með mold á hnjónum þar sem stiklað er á stóru yfir sögu og þróun garðyrkju í Árnessýslu. Það er þannig kjörið tækifæri til að fá Hafstein til að miðla með sér fróðleik úr heimi garðyrkjunnar.

Hafsteinn hlaut heiðursverðlaun garðyrkjunnar árið 2018. Hann vann lengst af hjá Blómavali en einnig sem garðyrkjustjóri í tveimur sveitarfélögum.

Hafsteinn hefur kennt við Garðyrkjuskóla ríkisins, setið í ritstjórn Garðyrkjuritsins skrif-

að bækur og greinar og starfað sem sjálfstæður garðyrkjuráðgjafi svo fátt eitt sé nefnt.

Nýjasta stórvirki hans er bókin Allt í blóma sem kom út

á þessu ári.

Erindi og leiðsögn Hafsteins mun hefjast inni í Húsinu kl. 13.00 allir velkomnir og ókeypis aðgangur.



Hinn þekkti garðyrkjumaður Hafsteinn Hafliðason tekur á móti gestum í Húsinu á Eyrarbakka næsta sunnudag.

Grillvagninn sér um veitingarnar

EIGUM VIÐ AÐ RÆÐA MÁLIN YFIR BORGARA?

Við bjóðum í hádegisveislu, í dag
miðvikudag, í verslun BYKO milli 12 og 14.

Sölumenn byggingavöru verða á staðnum
milli 12 og 18 og sitja fyrir svörum



CLT einingahús



Klæðningar



Álguggar



Timburgluggar



Stálgrindarhús



20%
afsláttur
25.-29. maí



Taktu þátt í laufléttum leik

Klipptu út þennan part og skilaðu í BYKO Selfoss þegar þú kemur í hádegisborgarann hjá okkur, miðvikudaginn 25. maí milli 12 og 14. Þá áttu möguleika á að vinna þetta glæsilega Napoleon rafmagnsgrill að verðmæti **49.895 kr.**

Nafn: _____ Sími: _____

Netfang: _____



Með því að haka í boxið gefur þú BYKO leyfi til að senda þér markaðsefni á vegum BYKO á skráð netfang hér fyrir ofan. Hægt er að breyta skráningu eða afskrá sig af listanum hvenær sem er með því að smella á viðeigandi hlekk neðst í hverjum pósti eða hafa samband við okkur á byko@byko.is. Persónuverndarstefnu BYKO má finna á www.byko.is/personuverndarstefna



LEIKUR



**GLEÐILEGT
SUMAR!**

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

Íþróttir

Gott stig í Mosfellsbæ og enn taplausir!

FÓTBOLTI Afturelding og Selfoss skildu jöfn þegar liðin mættust í 3. umferð Lengjudeildarinnar í gærkvöldi.

Afturelding byrjaði leikinn betur og sóttu stíft að marki Selfyssinga í fyrri hálfleik. Okkar menn vörðust þó vel og komu í veg fyrir það að Afturelding skoraði í fyrri hálfleik. Selfyssingar unnu sig inn í leikinn í síðari hálfleik en fyrsta mark leiksins gerði Ingvi Rafn Óskarsson þegar hann kom Selfossi yfir. Boltinn barst þá fyrir fætur Ingva eftir klafs í teig heimamanna, Ingvi gerði virkilega vel og setti boltann framhjá markverði Aftureldingar.

Eftir markið tók Afturelding völdin á vellinum og jöfnuðu leikinn þegar skammt var til leiksloka. Ýmir Halldórsson setti boltann framhjá annars frábærum, Stefáni Þór Ágústssyni, sem kom engum vörnum við, stöngin inn.

1-1 jafntefli niðurstaðan og Selfyssingar enn taplausir í



Mynd: @hafliðibg /fótbolti.net

Lengjudeildinni eftir þrjár umferðir. Liðið situr nú í 2. sæti deildarinnar. Næsti leikur liðsins er á þriðjudagskvöld á JÁ-

VERK-vellinum þegar Magni frá Grenivík kemur í heimsókn í Mjólkurbikarnum.

UMFS



Anna María Friðgeirsdóttir. Mynd: Guðmundur Karl Sigurdórsson

Anna María framlengir samning sinn

FÓTBOLTI Anna María Friðgeirsdóttir hefur framlengt samning sinn við knattspyrnudeild Selfoss út yfirstandandi keppnistímabil.

Anna María er gríðarlega reyndur leikmaður sem hefur alla tíð leikið fyrir uppeldisfélagið sitt 274 meistara-flokksleiki fyrir Selfoss, þar af 135 í efstu deild. Hún hefur glímt við meiðslu síðustu vikur en er vonandi væntanleg aftur út á völlinn fljótlega.

„Það eru mikil gleiðitíðindi fyrir okkur að Anna María,

fyrirliði liðsins til margra ára, hafi framlengt við okkur. Það er erfiður vetur að baki hjá henni með þrálát meiðslu en það eru bjartari tímar framundan. Anna María kemur með mikla reynslu inn í hópinn og endalaust hjarta fyrir liðinu og félaginu sem er eitthvað sem er ómetanlegt fyrir okkur. Ég er mjög spenntur fyrir því að sjá hana aftur á vellinum og það vonandi sem fyrst,“ segir Björn Sigurbjörnsson, þjálfari Selfoss.

UMFS

Hestafjör Sleipnis á uppstigningardag

HESTAMENNSKA Hestamannafélagið Sleipnir stendur fyrir hinu árlega hestafjöri í reiðhöll Sleipnis á Brávöllum, fimmtudaginn 26. maí. Fjórið hefst klukkan 13, þar sem hestamenn á öllum aldri koma til með að sýna afrakstur vetrarins, ásamt því að boðið verður upp á

allskyns tónlistar- og skemmtiatriði. Hestamannafélagið býður upp á andlitsmálningu fyrir börnin en einnig verða grillaðar pylsur í boði SS og drykkir í boði Ölgerðarinnar. Enginn ætti að láta þennan viðburð framhjá sér fara, aðgangur er ókeypis.

Hestamannafélagið Sleipnir



SUMARNÁMSKEIÐ KNATTSPYRNUDEILDAR

Knattspyrnusumarið 2022 verður mjög fjölbreytt og skemmtilegt.

Knattspyrnudeild Selfoss býður upp á fjölmörg flott sumarnámskeið fyrir áhugasama og fjóruga krakka. Allir sem koma á námskeið hjá deildinni geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem menn hafa æft lengi eða eru að byrja á sínum fyrstu æfingum.

Þjálfarar námskeiðanna eru vel menntaðir og reyndir í þjálfun og kennslu.

Skólastjórar knattspyrnuskólans eru Gísli Rúnar Magnússon og Magnús Hilmar Viktorsson.

Leikmenn meistaraflokka og efnilegir yngri leikmenn munu einnig leiðbeina á námskeiðunum.

Skráning og nánari upplýsingar

skraning@umfs.is

f i selfossfotbolti t t

Námskeið 1

Dagsetningar: 13. júní – 24. júní

Fyrir börn fædd 2010 – 2015 (1. – 6. bekkur)

Verð á námskeiði 14.000kr

Námskeið 2

Dagsetningar: 27. júní – 8. júlí

Fyrir börn fædd 2010 – 2015 (1. – 6. bekkur)

Verð á námskeiði 14.000kr

Námskeið 3

Dagsetningar: 18. júlí – 28. júlí

Fyrir börn fædd 2010 – 2015

Verð á námskeiði 14.000kr

Öll namskeiðin eru frá kl. 09:00 – 11:00 mánudaga til föstudaga



Glæsilegur árangur Selfoss

6. flokkur kvenna í handbolta náði stórkostlegum árangri á tímabilinu sem var að ljúka. Stelpurnar stóðu uppi sem Íslands- og deildarmeistarar bæði í 6. fl kvenna eldri og yngri, ásamt því að Selfoss 2 yngri endaði í 2. sæti í 2. deild. UMFS

Hópfimleikahelgi á Selfossi

FIMLEIKAR Fimleikadeild Selfoss hélt glæsilegt Vormót í stökkfimi og hópfimleikum um liðna helgi í íþróttahúsinu Vallaskóla.

Um 700 keppendur á aldrinum 8-11 ára voru mætt til keppni allstaðar af landinu. Selfoss sendi sex lið á mótið. Eitt

lið í drengjaflokki og fjögur lið í kvennaflokki. Liðin stóðu sig öll með glæsibrag og voru félagi sínu, þjálfurum og foreldrum til sóma. Bestum árangri náði lið kk yngri í drengjaflokki en þeir unnu silfur í sínum flokki.

Veðrið lék að vanda við mótsgesti og myndaðist hátíðleg

sumarstemning milli mótahluta fyrir utan mótstaðinn.

Fimleikadeildin vill koma á framfæri þökkum til þjálfara, foreldra og annarra sem komu að mótahaldinu. Við sendum bestu þakkir fyrir óeigingjörn störf.

UMFS



Kk yngri: 2. sæti.



5. flokkur: 3. sæti og 9. sæti A-riðill.



4. flokkur 1: 3. sæti A-riðill og 4. flokkur 2: 7. sæti A-riðill



4. flokkur 3: 3. sæti C-riðill.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍÞRÓTTAGREINUM
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

**SELFLOSS
29.-31. JÚLÍ**

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Sveitarfélagið Árborg - ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar slf. óskar eftir tilboðum í:

„Stekkjaskóli 1. áfangi - lóðarfrágangur“

Verkið felur í sér lóðarfrágang umhverfis 1. áfanga Stekkjaskóla við Heiðarstekk 10 á Selfossi. Þar á meðal er uppsetning girðinga og lampa, lagning raf-, fráveitu- og snjóbræðslulagna. Jarðvinna og yfirborðsfrágangur fela meðal annars í sér gróft, fyllingar, hellulögn, malbikun og lagning á leikvallagúmmí. Einnig skal ganga frá gróðri og frágangi að leiktækjum.

Verkinu skal að fullu lokið 1. nóvember 2022.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér: <https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/a7b08237-8a39-406f-aa3a-d842be422c17>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 föstudaginn 3. júní 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opnunarýfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

Aldís tekur við sveitarstjórn í Hrunamannahreppi

D-listi Sjálfstæðismanna Dog óháðra í Hrunamannahreppi sendi frá sér tilkynningu á Facebook-síðu sinni í síðustu viku, þar var tilkynnt að Aldís Hafsteinsdóttir muni koma til með að taka að sér embætti sveitastjóra Hrunamannahrepps.

Aldís hefur gengt stöðu bæjarstjóra Hveragerðis sl. 16 ár og er sitjandi formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Það er því mikill kostur að fá til liðs við okkur slíkan reynslubolta á sveitarstjórnarstiginu.“ Segir í tilkynningunni.

„Það eru áskoranir framundan hjá sveitarfélaginu, uppbygging og sjáanleg ör íbúapróun en á sama tíma



verðbólga og háir vextir. Það var því mat okkar að fyrsti kostur væri að ræða við Aldísi og auglýsa ekki stöðu sveitastjóra ef þessi kostur gæfist.“



Flóaskóli sigrar í Skólahreysti

Úrslit í Skólahreysti 2022 fóru fram sunnudagskvöldið 21. maí í Íþróttahöllinni Mýrinni í Garðabæ. Keppnin var í beinni útsendingu á RÚV.

Andrúmsloftið var rafmagnað, öll lið náðu gríðarlega góðum árangri og áhorfendur léku á alls oddi og hvöttu sína skóla af lífs og sálarkröftum.

Það var lið Flóaskóla sem Þórunn Ólafsdóttir, Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Viðar Hrafn Victorsson og Auðunn Ingi Davíðsson skipa ásamt varamönnum Oddi Olav Davíðssyni og Jóhönnu Pálmadóttur undir leiðsögn þjálfarans og íþróttakennarans Örvars Rafns Hlíðdal sem bar sig úr bítum með 61,5 stig, Hraunvallaskóli var í öðru sæti rétt á eftir með 58 stig og í fyrsta skipti á palli og



svo var það Holtaskóli sem endaði í þriðja sæti með 54,5 stig.

Það verður að segjast að þetta sé glæsilegur árangur hjá Flóaskóla, íslandsmet í fyrra í hreystigreið og sigur í úrslitum í ár. Lítil skóli með stórt Skólahreystihjarta.

Flóaskóli fékk 250 þúsund króna verðlaun sem renna til nemendafélagsins frá Landsbankanum. Keppendurnir fengu Ipad og varamenn gjafabréf frá Landsbankanum, auk þess sem allt keppnisliðið fékk gullmedalíur og glæsilegan eignarbikar.



Skemmtileg listaverk í miðbæ Selfoss

Listamaðurinn Juan vinnur þessa dagana að því að lífga enn frekar upp á miðbæ Selfoss. Hann hefur t.d. málað brunahana sem trúðáls, rafmangskassa sem mjókurbíl og

holræsislok sem peninga og Prince Polo, sé eitthvað nefnt.

Fleiri myndir má sjá á Facebook-síðu Miðbæjar Selfoss.



Vertu hjartanlega velkomin



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límimiðar



Stimplar

📍 Eyraveg 25, 800 Selfoss
📞 482 1944
📧 selfoss@prentmetoddi.is



Við leitum að traustu starfsfólki

Grill 66 á Selfossi

Óskum eftir að ráða duglegan kokk í vaktavinnu á Grill 66 á Selfossi. Líf og fjör alla daga og unnið á 12 tíma vöktum kl. 11–23.

Í starfinu felst aðallega að matreiða okkar vinsælu hamborgara, samlokur og fleira fyrir fólk á ferðinni en einnig móttaka og umsjón með hráefni, almenn afgreiðsla, þrif og annað tilfallandi.

Hæfniskröfur

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af matreiðslu og veitingasölu
- Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri.

Umsóknir berast á starf@olis.is / [storf](mailto:storf@olis.is)
Upplýsingar hjá verslunarstjóra á staðnum eða selfossben@olis.is



JAFNLAUNAVOTTUN
2019–2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olis

VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG



ÞEKING Í VERKI Í 90 ÁR

Traustir innviðir, byggðir upp í sátt við umhverfi og náttúru, einfalda okkar daglegu athafnir og gera líf okkar betra. Að baki uppbyggingunni liggur dýrmæt sérþekking, stöðugt mat og ómæld vinna færustu sérfræðinga.

Saga okkar er samofin uppbyggingu íslensks samfélags undanfarin 90 ár.



Aðalfundur Kaupfélags Árnesinga

verður haldinn í Oddfellowsalnum Vallholti 19, á Selfossi
þriðjudaginn 7. júní 2022 og hefst kl 14:00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkv. samþykktum félagsins.

Breytingar á samþykktum félagsins.

Stjórn Kaupfélags Árnesinga

PROJOB
SWEDISH WORKWEAR

Vandóður og flottur vinnuféttabúur

Sjáum um allar merkingar

VID GERUM ALLT MERKILEGT

FAGFORM

SöngMessa
Með Kirkljukór Selfosskirkju

Sunnudaginn 29 maí kl. 11:00

Söngmessen er tileinkuð ferð kórsins til Ítalíu sem verður farin 18.júní nk. Við sláum á léttu strengi og tökum lagið saman.

Hlökkum til að sjá þig Kaffi & Konfekt á eftir

Prestur Sr. Arnaldur Bárðarson
Stjórnandi kórsins er Edít Anna Molnár
Undirleikari er Miklós Dalmay

Tónlistarbekkir í Árborg

Settir hafa verið upp Tónlistarbekkir á helstu gönguleiðir í Árborg.

Tónlistarbekkir er verkefni sem þróað er af Ingu Margrét Jónsdóttur og var hrundið af stað til að gera tónlistarsögu Árborgar sýnilega og aðgengilega fyrir almenning. Árborg hefur í gegnum tíðina gefið af sér hæfileikaríkt tónlistarfólk sem hefur látið af sér kveða í íslensku tónlistarlífi. Tónlistarbekkiririr vekja athygli á þessu listafólki og tónlistararfi Árborgar á skemmtilegan og heilsuefandi hátt.

Hægt er að finna Tónlistarbekkina á gönguleiðakortinu á

vef Árborgar.

Íbúar Árborgar eru hvattir til að fá sér göngutúr, hlaupa eða hjóla á milli og njóta góðrar tónlistar úr sinni heimabyggð.

Þeir listamenn sem koma fram á Tónlistarbekkjum í Árborg eru Benny Crespo's Gang, Kiriya Family, Kristjana Stefánsdóttir, Mánar, Skítamórall og Steini Spil.

Hönnun & Þróun: Inga Margrét Jónsdóttir, viðskiptafræðingur og menningarstjóri.

Grafísk hönnun á myndum: Þorgerður Helgadóttir, grafískur hönnuður.



Þetta fullorðna fólk er svo skrytið

Sviðslistahópurinn Fullorðið fólk flytur leikverkið Stelpur og strákar mánudaginn 30. maí í Leikhúsinu við Sigtún klukkan 20:00. Þetta er í fyrsta sinn sem verkið er flutt héraðs á íslensku en höfundur verksins er leikskáldið Dennis Kelly sem margir þekkja fyrir verk sín DNA og Mathilda.

Stelpur og strákar var fyrst sett upp í Royal Court Theatre árið 2018 við einróma lof gagnrýnenda, en var þá aðalhlutverkið í höndum leikkonunnar Carey Mulligan. Í verkinu er skyggst inn í líf, sorgir og sigrar aðalpersónunnar, en óvænt stefnumót á flugvelli leiðir af sér ákaft, ástríðufullt og sjóðandi heitt ástarsamband. Fljótlega tekur hið eðlilega fjölskyldulíf við; kaupa hús, eignast börn, jöggla ferlunum - fjölskyldan þeirra er venjuleg fjölskylda. Þar til heimurinn þeirra fer að molna í sundur og hlutirnir taka óhugnanlega stefnu. Verkið er í senn kómískt og tragískt.

„Ég hitti manninn minn í boarding-röðinni á leiðinni í EasyJet flug og ég verð að segja að mér líkaði strax illa við hann.“

Um Fullorðið fólk

Það er Björk Guðmundsdóttir



sem fer með einleik í verkinu og er leikstjórn í höndum Önnulísu Hermannsdóttir. Björk útskrifaðist sem leikkona frá Listaháskóla Íslands 2021. Björk situr sem formaður í stjórn Improv Ísland og hefur tekið þátt í ýmsum sviðslista tengdum verkefnum.

Annalísa Hermannsdóttir er sviðshöfundur, leikstjóri og tónlistarkona sem útskrifaðist með BA gráðu í sviðslistum af sviðshöfundabraut LHÍ vorið 2021. Annalísa hefur mikla reynslu

af kvikmyndagerð, en nýjasta myndbandsverkið hennar „Ég er bara að ljúga er það ekki?“ vann Tónlistarmyndband ársins 2022 á Íslensku tónlistarverðlaunum og hlaut einnig leikstjórnarverðlaun Sólveigar Anspach.

Verkefnið er styrkt af Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar og Uppbyggingarsjóði Vesturlands.

Miðasala er hafin á tix.is

Netpartar er að leita af starfsmanni á verkstæði/lager, vinnuvélaréttindi kostur en ekki skylda. Um er að ræða 100% starf. Vinnutími er frá 8-17 mán-fim og til 16 á fös. Áhugasamir geta sent umsókn á netpartar@netpartar.is eða haft samband í síma 486-4499

NETPARTAR

HÚS í bæ HÚS í borg HÚS í sveit

HÚS
Fasteignasala

Austurvegi 26, 800 Selfoss



Sendibílar á
Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla](https://www.facebook.com/keysrla)



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Ársfundur Landgræðslunnar 2022 ÁRATUGUR ENDURHEIMTAR VISTKERFA HVERNIG MIÐAR?

Ársfundur Landgræðslunnar verður haldinn föstudaginn **27. maí kl. 14:30**. Fundurinn verður haldinn í Sagnagarði í Gunnarsholti en einnig verður hægt að fylgjast með í gegnum streymi (sjá: www.land.is).

DAGSKRÁ

Ávarp matvælaráðherra, Svandísar Svavarsdóttur

Ávarp landgræðslustjóra, Árna Bragasonar

Hlutverk vistheimtar á 21. öld

Kristín Svavarsdóttir, faglegur teymisstjóri verndar og endurheimtar

Það skiptir öllu að vanda til verka

Sunna Áskelsdóttir, sérfræðingur í vöktun og endurheimt votlendis

 Afhending landgræðsluverðlauna 

Kaffiveitingar í boði Landgræðslunnar

Opið hús frá 13.30

Fyrir fundinn verður opið hús í Gunnarsholti frá kl 13:30. Farið verður með gesti um húsakynni Frægarðs og sagt frá helstu verkefnum Landgræðslunnar.

ehjól

2022 ÁRGERÐIN AF VINSÆLU RAFMAGNSHJÓLUNUM ER KOMIN.
HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA 555 0595 EÐA SKOÐIÐ ÚRVALIÐ Á WWW.EHJOL.IS.



XLDDP-4L

1000W 60V
Rafmagnshjól á fjórum hjólum.
Fæst með eða án yfirbyggingar.
752.400 kr.
837.000 kr. með þaki



XLDR-3L

1000W 60V
Rafmagnshjól á þremur hjólum.
Fæst með eða án yfirbyggingar.
607.000 kr.
719.200 kr. með þaki



XL3D-3L

1000W 60V
Rafmagnshjól á þremur hjólum
með tveimur burðartöskum.
688.200 kr.

Öll verð með virðisaukaskatti 24%

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efr
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSEL

er opin eftir hádegi
á fimmtudögum.

HEILSUEFLING 60+

í Selfosshöllinni
þriðjudaga og fimmtudaga
kl. 9:30 og 10:30.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KRANAVINNA
GRÖFUVINNA
25 ÁRA REYNSLA

Díddi S. 861 4966

BÍLAR

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bilamálun - Rúðuskipti

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa á uppstigningardag 26.
maí kl. 11:00. Messan er tileink-
uð eldri borgurum. Hörpukórinn
syngur stjórnandi Ingimar
Pálsson, Hérðasnefnd býður
upp á súpu á eftir messuna,
prestur Gunnar Jóhannesson.
Söngmessa með Kirkjukór
Selfosskirkju sunnudaginn 29.
maí kl. 11:00, þetta verður
messa í léttum dúr með miklum
söng. Kaffi og konfekt eftir
messu. Prestur Arnaldur Bárðar-
son, organisti Edit A. Molnár.
Mogunbæniþriðju-, miðviku-
og fimmtudaga kl. 9:15.
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.
17:00.

Strandarkirkja
Sunnudagurinn 29. maí 2022.
Guðsþjónusta kl. 14:00. Sr.
Sigríður Munda Jónsdóttir þjón-
ar og Kór Þorláksskirkju leiðir
safnaðarsöng undir stjórn
Esterar Ólafsdóttur. Verum öll
velkomin til kirkju. Sóknarnefnd
og sóknarprestur.

Hveragerðiskirkja
Aðalsafnaðarfundur þriðjudag-
inn 31. maí kl. 17. Venjuleg aðal-
fundarstörf.

Kotstrandarkirkja
Aðalsafnaðarfundur mánudag-
inn 30. maí kl. 18. Venjuleg aðal-
fundarstörf.

Aðventistar
Laugardaginn 28. maí verður
lokað í safnaðarheimili aðvent-
ista, Eyravegi 67, Selfossi.
Sameiginleg samkoma verður á
Hlíðardalsskóla frá kl. 11, njótum
þess með gestum frá Weimar
háskólanum. Eftir guðsþjónustu
verður matur og dagskrá seinna
um daginn. Verið velkomnin.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

ÞJÓNUSTA

800PRENT
Alhliða merkingar
800prent.is
einar@800prent.is 694 6163



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafi.
Upplýsingar í síma 892 5741.



Að loknum kosningum

Að afloknum sveitarstjórnar-
kosningum þökkum við
fulltrúar Á listans í Rangárþingi
ytra íbúum það traust sem okkur
var sýnt.

Okkar stefna í aðdraganda
kosninga var einföld að vera
heiðarleg, vera fagleg og hafa
gaman að verkefninu, og ekki
síst að ná markmiðum Á listans
sem kynnt voru í stefnumála-
bæklingi.

Okkur hefur gengið vel að
tala við fólk og við hlustum á
alla og munum gera það áfram.
Við erum þakklát fyrir stuðn-
inginn við okkar framboð og
áherslu, en fjölmörg stefnumál
eru komin frá íbúunum sjálfum.

Íbúar verða að geta treyst
því að þau framboð og flokkar
sem eru að bjóða fram ætli sér
raunverulega að standa við þá
stefnu sem þau boða og standa
við gefin loforð, það ætlum við
okkur að gera.

Að baki framboðs Á-listans
er stór hópur fólks sem lagði á
sig gríðarlega mikla vinnu fyrir
framgangi framboðsins fyrir það
erum við þakklát.

Nú taka við verkefni sem við
buðum okkur fram til þess að
vinna fyrir sveitarfélagið okkar.

Það er og verður spennandi
áskorun fyrir okkur að takast
á við krefjandi og skemmtileg
verkefni með það að markmiði
að gera sveitarfélagið okkar að
eftirsóttum stað til þess að búa
og starfa.

Við munum gera það af heið-
arleika og í góðri samvinnu við
íbúa og starfsfólk sveitarfélags-
ins, og við hlökkum til.

Eggert Valur Guðmundsson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Erla Sigríður Sigurðardóttir
Þórunn Dís Þórunnardóttir

Hjúkrunarheimilið Kirkjuhol
á Hvolsvelli fékk hlýja gjöf

Aðstandendafélag hjúkrunar-
heimilisins Kirkjuhol
á Hvolsvelli afhenti heimilinu
hjólástólagalla að gjöf.

Hjólástólagallinn Hlýtt úti
er sérhannaður með aldræða og
hreyfihamlæða í huga. Hannaður
af Ólöfu Árnadóttur.

Hugmyndin varð til þegar
móðir Ólafar veiktist alvarlega
og átti erfitt um gang.

Hlýtt úti hjólástólagallinn er
sérþaðaður útivistargalli, loð-
fóðraður, vatns- og vindþéttur

og gefur möguleika á aukinni
útiveru og gæðastundum allan
ársins hring.

F.h. Aðstandendafélagsins
Katrín J. Óskarsdóttir



Ásta í galla



F.v. Sólveig Eysteinsdóttir hjúkrunarforstjóri, Sigrúlin Óskarsdóttir og Katrín J. Óskarsdóttir.

HEILSA

Nudd –
Svæðanudd

Dáleiðsla
Augnlestur og
heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Hlífðarhjálmar til allra 7 ára barna á Íslandi

Hjálmarirnir hafa breyst talsvert frá því í fyrstu og nýstast nú við almennari tómstundaiðkun en áður. Stór flötur hjálmisins virkar sem endurskinsmerki. Hjálmarir henta mjög vel fyrir börnin hvort sem þau eru á hjóli, hjóla-skautum eða hjólabretti.

Landsverkefni í 3 áratugi

Kiwanisklúbbarnir á Íslandi hafa í áratugi annast um útvegum og dreifingu reiðhjólajálma til 7 ára barna. Þetta forvarnarstarf hófst hjá Kiwanisklúbbnum Kaldbak á Akureyri 1991. Fljótlega tóku fleiri klúbbar upp verkefnið og náði það fljótt almennri útbreiðslu Kiwanisklúbburinn Búrfelli á Selfossi tók þetta verkefni að sér 1997.

Dreifing í skólana Vorið er að koma

Eimskip annast dreifingu þeirra um allt land, en þar sem kiwanisklúbbar eru starfandi annast þeir þar afhendingu á hjálmunum. Það er ávallt mikið fagnaðarefni að fá tækifæri að afhenda brosandir börnum þetta sjálfsagða öryggistæki.

Foreldrum mikill fengur er sú farsæld hverju sinni, ef hjólandi barnið hjálminn ber á höfði í umferðinni.



Ómetanlegt framlag Eimskips

Fyrstu árin öfluðu klúbbarnir fjár til þessa verkefnis hjá tryggingafélögunum auk framlags úr félagsjóði, en samstarf við Eimskip hófst 2004. Frá þeim tíma hefur Eimskip kostað verkefnið bæði innkaup og flutninga. Síðan hefur það náð til allra 7 ára barna á landinu.

Óskabörnin okkar

Þetta er óskaverkefni okkar. Í upphafi var Eimskipafélag Íslands „óskabarn þjóðarinnar“ en nú hefur Eimskip í samvinnu við Kiwanishreyfinguna gert þetta verkefni að „óskabarni“ sínu. Öll 7 ára börnin eru „óskabörnin okkar“

Eimskips trausta átakið í okkar slysvörnum. Með vænsta hjálma verkefnið er veitist landsins börnum.

Hjörtur Þórarinnsson, félagi í Kiwanisklúbbnum Búrfelli



Lionsklúbbur Selfoss gefur HSU nýtt fæðingarúm

Þann 18. maí 2022 afhenti Lionsklúbbur Selfoss Ljósmeðravakt HSU Selfossi formlega fæðingarúm af nýjustu gerð, ásamt saumaborði. Heildarandvirði gjafarinnar er 2.685.431 kr.

Nýja rúmið léttir ljósmeðravaktum störfina við að aðstoða konur í fæðingu, því rúmið er hægt að hækka og lækka eftir þörfum og er með margskonar nýjungar sem eykur á öryggi og þægindi kvennanna sjálfra í fæðingunni og auðvelt að aðlaga rúmið að óskum hverrar konu, enda engin eins eða með sömu þarfir.

Þessi gjöf er einstaklega kærkomin. Eldra fæðingarúmið var komið til ára sinna og mikil þörf á endurnýjun. Fyrir ári síðan færði Lionsklúbburinn Fæðingardeildinni lazyboy stól,

súrefnismettunarmæli og fósturhjársláttarnema (Doptone) og heyrðu þá að þörf væri á nýju rúmi. Það varð því úr að söfnun hófst um leið.

Fæðinga- og Ljósmeðravakt HSU þakkar Lionsklúbbi Selfoss innilega fyrir að styðja enn og aftur við bakið á starfsemi deildarinnar og fá einnig þakk-læti fyrir þann góða hug sem að baki býr. Það er mikil gæfa stofnunarinnar og þar með talið Fæðingardeildarinnar að eiga svona góðan bakhjarl. HSU



HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismíði Innréttingar Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Jiibbii
Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvalsöðullur
Sími 772 6010

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is